

## **5. fundur skólaráðs – 4. apríl 2018**

Mættir: Bryndís, Þorgeir, Þóra Ýr, Bryndís Inda, Andrea, Ingibjörg, Ína

### **1. Skóladagatal 2018-2019**

Smávægilegar breytingar á skóladagali urðu frá síðasta fundi þar sem athugasemdir komu frá fræðslustjóra. Nýtt dagatal kynnt og telst samþykkt.

### **2. Valgreinar 2018-2019**

Valgreinamál næsta vetur rædd. Höfum reynt að fá nemendur til að sækja samvalið þar sem það er ódýrara fyrir skólann, en hefur gengið treglega. Er allt í vinnslu fyrir veturinn.

### **3. Foreldrasamskipti, fjáraflanir, ferðalög o.s.frv.**

Rætt um fyrirkomulag í tengslum við t.d. ferðalög nemenda, fjáraflanir o.s.frv. T.d. í samhengi við Reykjaferð, Kiðagilsferð, útskriftarferð 10. bekkjar o.s.frv. Rætt um mikilvægi þess að þetta sé rætt og ákveðið að hausti svo allir viti hvernig fyrirkomulagið er og hvaða verkefni eru á hvers könnu (skóli, foreldrar, kenarar o.s.frv.). Einnig að hafa kynningu fyrir verðandi 7. bekkinga að vori þar sem tekin er ákvörðun varðandi Reyki og fjáröflun í tengslum við þá ferð.

### **4. Önnur mál**

Rætt um tölvumál, helstu niðurstöður úr Skólapúlsinum o.fl.

Rætt lítillega um samræmd próf og tækniklúður í framkvæmd þeirra í vor.